

## Fundur í skólaráði 15. september 2020

Mættir: Inga Huld og Hólmfríður f.h. kennara, Ágúst f.h. foreldra, Sonja og Mikael Darri f.h. nemenda, Brynja f.h. starfsfólks. Eyrún skólastjóri og Helga deildarstjóri sem skráir fundargerð.

1. Eyrún bauð fólk velkomið. Sagði að fundirnir yrðu þrjár fram að jólum. 2. nóv. og 7. des. sem eru mánudagar. Fundartími er frá kl.15-16.
2. Rætt um hvernig eigi að fá foreldra til að koma í skólaráð. Á að auglýsa eftir fólki eða fara í gegnum foreldraráðið? Stjórnendur fara í þetta.
3. E.S. rifjar upp hlutverk skólaráðs og taldi upp þau atriði sem eru á höndum ráðsins. Skólaráðið er faglegur aðili sem kemur inn í allt tengt skólanum nema það sem snýr að persónulegum háttum nemenda.
4. Skóladagatalið: E.S. fór yfir næstu vikur. Samræmd próf framundan, þemadagar, skipulagsdagur, viðtalsdagur og haustfrí.
5. Framkvæmdir við Glerárskóla: E.S. fór yfir það sem búið er að gera. Verið er að vinna í kjallaranum og Skýjaborgir væntanlega tilbúna í október. Marga starfsmenn vantar enn vinnurými en fara niður þegar kjallarinn verður tilbúinn. Ekki miklu breytt á milli ganga B og D. Enn ekki ljóst með framhaldið. Verið er að teikna A og C álmu en ekki vitað hvenær farið verður í framkvæmdir.
6. Áherslur í vetur: Áhersla verður á læsi þar sem skólinn kom ekki nógu vel út á vordögum í innra mati. Kennarar á námskeiði sem tekur á þessu og mun MSHA styðja þá í vinnu með læsi í vetur. Ætlum líka að taka á samskiptum. Áfram verður unnið með unglingaspjallið. Stærðfræði á yngsta stigi verður líka í forgangi.

Ný Menntastefna Akureyrarbæjar var samþykkt á vordögum. Innleiðing hennar er að fara af stað með aðstoð MSHA og Tröppu. Ytra mat fer fram á skólastarfinu áður en farið verður af stað og unnið út frá niðurstöðum þess. Kynning verður á Menntastefnunni á starfsmannafundi væntanlega 14. okt.

7. Jákvæður agi: Inga Huld sagði frá því að nú væri verið að fara af stað með JA. Nemendur þurfa að koma að því með JA nefndinni að finna lausna staði fyrir nemendur.
8. Rætt um framkvæmdir við Hörgárbraut. Ekkert framkvæmt af því sem var lofað af hálfu bæjaryfirvalda og vegagerðar. Ef ekkert hefur gerst þegar við hittumst næst munum við senda athugasemdir til skipulagsstjóra. Rætt um þrengingar á götunni sem geta skipt máli. Það væri áhugavert að telja þá nemendur sem eru að nota göngin sem fyrir eru.
9. Önnur mál: Spurt um ruslatunnur á D-gang. Þær koma mjög fljótlega. Nemendur mjög sáttir við endurgerða D-álmu.

Inga Huld minntist á að kóngulóarrólan þyrfti að fara. Hættulegt tæki. Sem og fleiri tæki úti. Verið er að hanna nýja lóð í tengslum við leikskólann, ekki vitað hvað verður um leiktækin sem eru á lóðinni.